



Ársskýrsla Æskulýðsstarfs Hestamannafélagsins Loga
2015-2016



Æskulýðsnefnd Loga

Þórey Helgadóttir

Freydís Örlygsdóttir

Linda Karlsson

Helga María Jónsdóttir

Bent Larsen

Æskulýðsstarf Loga var með nokkuð hefðbundnu sniði þetta árið en samstarf milli nágrannafélags okkar, hestamannafélagsins Smára er alltaf að aukast. Það er mikill styrkur fyrir félög úti á landi að vinna saman því það er oft þannig að árgangar eru misstórir.

Að vanda byrjuðum við starfsemina okkar með uppskeruhátíð þar sem farið yfir líðandi ár og starfsemi vetursins kynnt.

Í október buðum við uppá hnakkaprif í Fellskotu sem er ætlað yngri félögum og einnig fólum við í ferð ásamt Smárafélögum að heimsækja hrossaræktarþú.

Í janúar er vaninn að fara Álfareið frá Félagsheimilinu Aratungu að Friðheimum með Álfakóng og drottningu í fararbroddi. Þjóðum við uppá kökur og kakó, söng og góða samverustund. Þetta árið var mikil hálsa og tókum við ákvörðun að sleppa álfareiðinni. Nú leggjumst við á bæna og biðjum Guð og aðra góða vætti að vera okkur hliðholla á næsta ári.

Uppsveitadeildin er komin til að vera í Flúðahöllinni og stóðu Æskulýðsnefndir Loga og Smára að mótaröðinni að vanda.

Mörg reiðnámskeið voru í boði hjá okkur þetta árið. Tvenn sameiginleg reiðnámskeið með Smára á Flúðum, Hestheimanámskeið ásamt Smára og okkar árlega reiðnámskeið í Hrísholti.

Önnur mót sem má nefna eru vetrarmót í samstarfi við Trausta, töltmót Loga, Smára og Trausta í Flúðahöllinni, firmakeppni Loga í júní og gæðingamót Loga og Smára.

Æskulýðsnefndin stóð einnig fyrir peysukaupum fyrir krakkana. Höfum við áður keypt peysur hjá Henson og ákváðum við að gera það aftur svo einhverjir gætu nýtt sínar eldri peysur. Fengum við góða styrki frá Atlantik og Málningu ehf. og gátum þar af leiðandi boðið peysurnar mjög ódýrar fyrir félagsmenn.

Smáramenn keyptu einnig peysur fyrir sína félaga og erum við í eins peysum nema okkar eru rauðar og þeirra grænar og sitthvorir styrktaraðilar. Mjög gaman að sjá krakkana keppa í þessum flíkum í Uppsveitadeildinni og fer þá ekkert á milli mála í hvaða liði knapinn er ☺

Uppskeruhátíðin

Uppskeruhátíð Æskulýðsnefndarinnar var haldin 15. okt 2015. Þar koma krakkar saman ásamt foreldrum, við förum yfir hvað var gert á árinu og dagskrá komandi starfsárs er kynnt. Í lokin gæðum við okkar á veitingum, spjöllum og eigum góða kvöldstund.

Þetta árið vorum við í Bláskógaskóla í Reykholti. Við fengum engan annan en heimsmeisterann okkar í tölti, Kristínu Lárusdóttur, til að vera með fyrirlestur. Hún fór yfir samstarf sitt með hestinum sínum Þokka frá Efstu-Grund og þeirra ferð á heimsmeistaramótið. Hún var með fullt af myndum og sagði skemmtilega frá.

Allir krakkar sem tóku þátt í keppni eða reiðnámskeiði hjá Loga fengu viðurkenningarskjöl sem vekur alltaf mikla lukku. En hápunkturinn á þessum kvöldum hefur verið að veita farandgripinn Feyki en hann er veittur því barni eða unglingi sem með framkomu sinni og dugnaði er öðrum góð fyrirmynd. Að þessu sinni hlaut Rósa Kristín Jóhannesdóttir gripinn.



Vettvangsferð

Undanfarin ár höfum við aldursskipt hópnum okkar, yngri hópur hefur farið í hnakkaprif eða heimsókn í Hrosshaga og eldri hópurinn í vettvangsferð á hrossaræktarbú. Þetta árið fórum við í ferð með Smárafélögum og var öllum boðið að fara með en hvöttum við foreldra að fara með yngstu börnunum þar sem svona ferðir eru ekki hugsaðar sem barnapössun.

Við fórum í Ölfusið og byrjuðum á að heimsækja Helga, Helgu og Rögnu á Kjarri. Þar fengum við smá ræðu um þá starfsemi sem fram fer hjá þeim. Höfðinginn Stáli frá Kjarri var teymdur fram og fengu þau börn sem vildu að fara á bak og láta taka af sér mynd. Er nú nokkuð viss um að einhverjir foreldrar hefðu nú líka alveg viljað fara á bak líka. Einnig teymdu þau fram hryssuna Stjörnu frá Kjarri sem síðar hlaut

heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og undir henni gekk Stálasonurinn Bliki frá Kjarri.

Buðu þau hjón okkur upp í flottar veitingar í lok heimsóknar og fóru allir saddir og sælir þaðan.

Næsta stopp var nánast á næsta bæ eða í Auðsholtshjáleigu. Við fengum góðar móttökur frá þeim Gunnari, Krissu og Þórdísi Erlu. Þau fóru yfir sína starfsemi og svöruðu spurningum. Við fengum að sjá 3 stóðhesta úr þeirra ræktun úti á gólfi eða þá Gára, Topp og Gígjar.

Svo fengum við kökur, gos og kaffi áður en við héldum af stað á næsta stað sem var að fá pizzu í Reykholti.

Ótrúlegt en satt þá var enn pláss hjá krökkunum fyrir pizzu eftir þessar flottu veitingar í Ölfusinu. Mjög skemmtilegur dagur.



Hnakkaprif

Við fengum aðstöðu í Fellskoti til að hafa hnakkaprif með börnunum eins og svo oft áður. Í Fellskoti er frábær aðstaða til að vera með hóp af börnum í reiðtygjaþrifum. Hefð hefur verið að hittast seinni part á föstudögum. Þetta er góð stund fyrir börn og unglinga að hittast, þrifa sín reiðtygi, hlaupa, leika, spjalla, borða pizzu og leika svolítið meira.

Reiðnámskeið

Námskeið í samstarfi við Æskulýðsnefnd Smára

Reiðnámskeið var haldið fyrir börn og unglinga í feb – apríl í samstarfi við Hestamannafélagið Smára. Námskeiðið var 6 skipti og voru þáttakendur á aldrinum 6 – 13 ára, knöpum var skipt í nokkra 4 – 6 manna hópa eftir aldri og getu. Megin markmið námskeiðsins var þjálfun knapa og hrossa með keppni í huga og var það keyrt samhliða Uppsveitadeild æskunnar. Námskeiðið gekk í alla staði vel og var almenn ánægja með það. Kennari var Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir.



Í boði var reiðnámskeið sem var ætlað meira vönum knöpum og þeim sem stefndu á úrtöku fyrir landsmót þ.e.a.s. börnum, unglingum og ungmennum. Námskeiðið var byggt upp eins og einkatímar, einn knapi í einu í 40 mínútur með reiðkennara. Þetta voru 7 skipti alls hálfsmánaðarlega og byrjaði námskeiðið í febrúar með æfingum inn í reiðhöll svo þegar nær dróg fóru æfingarnar út á reiðvöll. Námskeiðið endaði svo í júní með æfingu út á Hellu. Kennari á þessu reiðnámskeiði var Eyrún Ýr Pálsdóttir. Þeir unglingar og ungmenni sem komust á landsmót fengu svo tilsögn frá henni á Hólum.



HESTHEIMAFERÐ

Hestheimافرð var haldin 28-29. maí í samstarfi með Smára, í þetta sinn voru 3 sem fóru frá Loga. Í upphafi var skipt í hópa og fengu krakkarnir bóklega og verklega kennslu og svo fóru þau í útreiðatúra. Í boði var að koma með sitt eigið hross en einnig var hægt að fá lánuð hross. Gist var eina nótt. Þessi skemmtilega helgi endaði með sýningu fyrir foreldra og ættingja með vel skreytt hross og svo var kaffihlaðborð fyrir alla.



Hrísholt snámskeið



Dagana 13.-16. júní var okkar árlega reiðnámskeið haldið á félagssvæðinu okkar í Hrísholti. Skráning var góð eða 22 börn og unglingar skráð til leiks. Sami reiðkennari var fengin aftur, Rósa Birna Þorvaldsóttir. Hún nær svo vel til krakkanna, heldur uppi góðum aga en hvetur þau til dáða og eftir tímana standa allir uppi sem sigurvegarar. Aðstaðan í Hrísholti er góð til námskeiðahalds. Gott kennslugerði og hringvöllur, hrossin geta verið yfir nótt á svæðinu og því þarf fólk ekki að transporta hrossunum fram og til baka á hverjum degi.

Að þessu sinni var veðrið frábært sem er svo gott þegar ekki er inniaðstaða.

Mótin á árinu

Uppsveitadeild Æskunnar

Uppsveitadeild Æskunnar var haldin í sjötta sinn, en þetta er mótaröð sem Æskulýðsnefndir hestamannafélaganna Loga og Smára standa sameiginlega að.

Uppsveitadeildin er bæði liðakeppni milli félaganna og einstaklingskeppni, en keppt er í barna og unglingaflokki. Keppt er í reiðhöllinni á Flúðum og eru mótin alls þrjú talsins.

Nýjung þetta árið var að bjóða börn yngri en 10 ára að taka þátt. Þau börn fengu sína einkunn og umsögn en riðu ekki úrslit og söfnuðu ekki stigum. Var þetta eingöngu hugsað sem góða æfingu í öruggu umhverfi. Öll börn fengu



verðlaunapening með þakklæti fyrir þátttökuna.

Fyrsta mótið var haldið 6. mars og þá var keppt í þrígangi barna og fjórgangi unglinga.

Annað mótið var haldið 16. apríl, þá var keppt í barnaflokki í tölti T7 og fjórgangi og unglingaflokki í tölti T3 og finngangi.

Þriðja og síðasta mótið var haldið 7. maí og var þá keppt í smala hjá börnum og smala og fljúgandi skeiði hjá unglingum.

Þátttaka er alltaf góð en eins og stundum er úti á landi eru árgangar misstórir og erum við hjá Loga ekki með mörg börn sem stunda hestamennsku allt árið. En mikið er til af efnilegu ungu fólki!!



Vetrarmót

Hestamannafélögin Logi og Trausti halda sameiginleg vetrarmót ár hvert og skiptast félögin á að halda mótin. Þetta eru þrjú mót samtals sem haldin eru í febrúar, mars og apríl. Vetrarmótin eru fyrstu mótin á árinu hjá börnum og unglingum og er mikil tilhlökkun fyrir þessum mótum.

Fyrsta og síðasta mótið var haldið á félagssvæði okkar í Hrísholti en 2. mótið var haldið á Þorkelsvelli á félagssvæði Traustamanna.

Firmakeppni

Firmakeppnin okkar er haldin ár hvert laugardaginn eftir reiðnámskeið í Hrísholti, að þessu sinni 18. Júní. Mjög góð þátttaka var á mótinu og helst það yfirleitt í hendur við skráningu á námskeiðinu. Þar sem hrossin eru geymd á staðnum er þetta yfirleitt lokahnykkurinn á námskeiðinu. Reynt er að hafa marga flokka (pollaflokk teymt undir, pollaflokkur, barnaflokkur 10-11 ára, krakkaflokkur 12-13 ára, unglingaflokkur 14-17 og svo ungmennaflokkur) þá geta allir krakkar fundir sinn flokk við sitt hæfi.

Veðrið var gott en völlurinn var orðinn heldur þurr eftir góðviðristíma en það kom ekki að sök og gleðin skein úr hverju andliti. Að venju bauð hestamannafélagið upp á pylsur og djús í lok mótsins.



Tölmót Loga, Trausta og Smára

Að venju var sameiginlegt mót 3ja félaga haldið í reiðhöllinni á Flúðum. Mótið er alltaf haldið miðvikudaginn fyrir skírdag eða 23. mars þetta árið. Mótið tókst vel, veðrið var gott sem hjálpar mikið til þegar börnin þurfa að hita upp úti að kvöldi til. Ekkert barn var skráð til leiks að þessu sinni en áttum við fulltrúa í unglinga og ungmennaflokki.

Gæðingamót

Annað árið í röð var gæðingamótið okkar haldið með Smáramönnum á Flúðum. Mótið var opið og tókst það mjög vel.

Brokk og skokk

Logakrökkum stóð til boða að taka þátt í skemmtilegri keppni er nefnist brokk og skokk. Enginn þátttakandi fór þó frá okkur að þessu sinni en vonandi náum við að smala góðum hópi yfir í Gnúpverjahreppinn að ári ☺

Landsmót o.fl.

Eins og flestir vita þá var 2016 Landsmótsár og áttum við keppendur í unglinga og ungmennaflokki. Finnur Jóhannesson keppti í ungmennaflokki og var í 2. Sæti í B-úrslitum og 9-10 sæti í 100m skeiði. Einnig áttum við keppendur á Íslandsmóti, Reykjavíkurmeistaramóti, Suðurlandsmóti og World Ranking mótinu hjá Sleipni.

